

Akureyri, 16. október 2011
Tilv.: 0909037

Stefán B. Sigurðsson
rektor

Efni: Viðbrögð hug- og félagsvísindasviðs við skýrslu úttektarnefndar um kennslu í lögfræði í íslenskum háskólum

Skýrsla úttektarnefndar um kennslu í lögfræði í íslenskum háskólum barst Háskólanum á Akureyri með tölvubréfi 16. september 2011. Þar var þess óskað að háskólinn geri grein fyrir afstöðu sinni til ábendinga sem fram koma í skýrslunni og hvernig og hvenær hann hyggst bregðast við þeim.

Kennarar lagadeildar, bæði fastráðnir, kennarar í hlutastörfum, stundakennarar og fulltrúar nemenda, hafa fundað um efni skýrslunnar og skipst á tölvupóstum um viðbrögð við ábendingum sérfræðinganefndarinnar. Kennarar deildarinnar eru sammála helstu niðurstöðum nefndarinnar með fáeinum undantekningum, en betur verður gerð grein fyrir viðbrögðum til úrbóta hér að neðan.

Það er mikill fengur að skýrslu sérfræðinganefndar menntamálaráðuneytisins bæði fyrir kennara lagadeildar Háskólans á Akureyri, nemendur deildarinnar og stjórnendur háskólans. Vinna við að útbúa þau gögn sem óskað var eftir við undirbúning skýrslunnar gaf starfsfólki deildarinnar og öðru starfsfólki háskólans sem og nemendum við deildina ástæðu til að fara í gegnum og meta kennslu, rannsóknir, aðstöðu og allan umbúnað námsins. Skýrslan er augljóslega verðmætt framlag til frekara þróunarstarfs og umbóta á því sem betur getur farið.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir uppbyggingu hennar en í öðrum hluta (Part II) fjallar úttektarnefndin um hverja lagadeildanna fjögurra fyrir sig. Í þriðja hluta (Part III) eru niðurstöður dregnar saman og bent á atriði til athugunar fyrir allar lagadeildir háskólanna. Sérfræðinganefndin heimsótti Háskólann á Akureyri fyrstan skóla og hefst annar kafli skýrslunnar á umfjöllun og mati á styrkleikum og veikleikum lagadeildar HA (II,1).

Nefndin byrjar á að gera grein fyrir sjálfsmynd (gildi) og markmiðum háskólans en þau byggjast m.a. á því að bjóða nám sambærilegt við það sem vel er gert á alþjóðlegum



vettvangi. Vísað er til vinnu á grundvelli Bologna-ferlisins og vinnu samkvæmt evrópskum og íslenskum gæðastöðlum í háskólanámi.

Nefndin bendir á að lagadeild Háskólans á Akureyri leggi áherslu á sérstöðu sína bæði varðandi uppbyggingu námsins og landfræðilega staðsetningu háskólans.

Nefndin telur það gildi í sjálfu sér að deildin skuli hafa að markmiði að mennta nemendur til fjölbreyttari starfa en þeirra sem er að finna á hefðbundnum starfsvettvangi lögfræðinga á Íslandi (þröng skilgreining). Nefndin telur að enda þótt markmiðið sé bæði mikilvægt í sjálfu sér og löngu tímabært þá geti þessi nálgun haft sína vankanta (bls. 13).

Það er lagadeild Háskólans á Akureyri sérstakt fagnaðarefni sú áhersla sem nefndin leggur á sérstöðu laganámsins í íslensku samhengi og að það skuli vera bæði mikilvæg og tímabær viðbót við laganám á Íslandi (sjá bls. 13, 30, 52-53, 59, 67-68) eða eins og nefndin segir í ábendingum sínum (II.1.k. Recommendation, bls. 69) „..., but it should be recognized that this Law Faculty at UNAK has added a perspective to legal education in Iceland that had been neglected, and has initiated a programme in a new, international and important area.”

Sérfræðinganefndin bendir réttilega á að: „The Polar Law courses are taught to a considerable extent by leading world experts in the respective fields, reflecting their innovative and ground-breaking character.“ (bls. 23 og 33). Nefndin vekur einnig athygli á að „the UNAK Faculty of Law is also the home to the Yearbook of Polar Law, published by Brill Academic Publishers in the Netherlands.“ (bls. 33).

Það er einnig gleðiefni að fá viðurkenningu nefndarinnar á gæðum kennara, háu menntunarstigi og mikilvægum rannsóknnum fastráðinna kennara sem og reynslu og hæfni aðjúnkta í hlutastörfum sem eru flestum tilfellum starfandi lögfræðingar og lögmenn á Akureyri (sjá bls. 14, 32, 38, 50-51, 61 og 63).

Sérstaklega ber að fagna ábendingu nefndarinnar um mikilvægi lögfræðimenntunnar utan höfuðborgarsvæðisins (bls. 53) og að slíka starfsemi beri að styrkja sérstaklega.

Viðbrögð við ábendingum

Eins og áður sagði héldu kennarar lagadeildar sameiginlegan kennarafund eftir yfirferð skýrslunnar til að ræða viðbrögð við ábendingum sérfræðinganefndarinnar um það sem betur mætti fara og hvað þyrfti að hafa í huga við frekari þróunarvinnu innan deildarinnar. Samþykktir fundarins njóta stuðnings hug- og félagsvísindasviðs og yfirstjórnar háskólans og eru því birtar hér í nafni stofnunarinnar:

- a) Samþykkt var að halda dagsläng námskeið fyrir alla kennara deildarinnar bæði þá sem eru í fullu starfi sem og þá sem eru í hlutastarfi en einnig stundakennara sem hafa tók á því að vera með (bls 60 og 66). Þetta er í góðu samræmi við svokallaða kennaradaga sem haldnir hafa verið á fræðasviðinu en þeir hafa verið nýttir til að styrkja kennslufræðilega færni kennara sviðsins.



- b) Samþykkt var að halda áfram þeirri stöðugu innri endurskoðun sem uppbygging námsins við HA er og hefur verið í með það að leiðarljósi að styrkja sérkenni námsins um leið og hugað verði að því hvernig auka megi við rannsóknir í kjarnagreinum íslenskrar lögfræði. Þegar hefur verið brugðist við helstu ábendingu nefndarinnar og sterkur íslenskur lögfræðingur hefur verið ráðinn í fullt starf frá og með 1. janúar 2012. Viðkomandi er ætlað að stýra þróun laganáms á meistarastigi auk þess að vinna að rannsóknum og kennslu á sviði íslenskrar lögfræði (sjá bls. 32, 34, 38 og 68).
- c) Samþykkt var að huga að möguleikum nemenda á að taka viðbótarnámskeið í íslenskri lögfræði á meðan þau stunda BA-nám í lögfræði við Háskólann á Akureyri. Möguleikar á slíku munu aukast til muna um leið og staðfestur verður almennur samningur opinberu háskólanna, sem nú er í burðarliðnum, um aukna möguleika frá því sem nú er á að nemendur geti tekið námskeið í öðrum skólum en sínum heimaskóla samkvæmt fyrirfram settum reglum þar að lútandi.

Kennarfundur minnir einnig á þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar til að auka hlut íslenskrar lögfræði í BA-náminu frá því fyrstu útskriftarárgangarnir tóku sitt BA-nám, þ.e. þeir útskriftarárgangar sem höfðu átt kost á að reyna við hdl-prófið þegar úttektin var gerð. Síðari árgangar njóta góðs af því að bætt hefur verið við málflutningi á íslensku og meiri áherslu á íslensk lög í inngangsnámskeiðum í samningarétti, eignarétti og refsirétti.

- d) Samþykkt var að hefja vinnu að frekari styrkingu hóps fastráðinna kennara við deildina og vonast er til þess að prófessorsstaðan sem Norðmenn færðu Háskólanum á Akureyri í tilefni 150 ára ártíðar Fridtjofs Nansen verði á sviði heimskautaréttar.
- e) Kennarafundurinn var sammála mati sérfræðinganna um að styrkja beri sérkenni deildarinnar um leið og unnið er að því að auka við möguleika nemenda til frekari náms í hefðbundnum greinum íslenskrar lögfræði (bls. 31, 70). Það ber þó að taka fram að fundurinn taldi nefndina leggja of mikla áherslu á þann þátt námsins sem snýr að undirbúningi nemenda til sinna lögmannsstörfum og á möguleikum meðalnemandans til að ná árangri í svokölluðu hdl-prófi (próf til héraðsdómslögmannsréttinda).
- f) Samþykkt var að vinna enn frekar að auknu samstarfi við aðrar lagadeildir landsins en lagadeild Háskólans á Akureyri hefur frá upphafi haft frumkvæði að samstarfi lagadeildanna um ráðstefnur og fundarhöld og tekið af einurð þátt í samstarfi nefnda sem skipaðar hafa verið til að auðvelda nemendum flutning milli deilda, en tilraunir í þá veru hafa hingað til strandað á afstöðu lagadeildar Háskóla Íslands (sjá bls. 59-60, 71, 120, 226 og 229-30).
- g) Eins og getið er um í lið e) telur kennarafundur nefndina leggja of mikla áherslu á þann þátt námsins sem snýr að undirbúningi nemenda til að sinna lögmannsstörfum og möguleikum meðalnemandans til að standast próf til réttinda til að sinna slíkum störfum (bls. 53 og 70).

Í skýrslunni kemur fram að „Given the nature and structure of the BA programme at UNAK, as *promising* as it may be, it *does not seem* to give the average student a strong enough background to complete thereafter a traditional Icelandic law education in two years with sufficient results [...] It seems that very few ML graduates have enrolled in the course for the Bar examination and that only three have successfully completed the course from the first graduation in 2008.“ [leturbreytingu bætt við].



Kennarfundur telur að setja megi spurningamerki við þessar fullyrðingar sérfræðinganevndarinnar. Engar upplýsingar er að finna í skýrslunni sem segja til um hversu margir nemendur úr fyrsta útskriftarárgangi lagadeildar Háskólans á Akureyri hafi sótt áður nefnt námskeið eða tekið umrædd próf. Einnig hafa sérfræðingar í tölfraði bent á að úrtakið sem um ræðir sé einfaldlega of lítið og tímaþátturinn of stuttur til að hægt sé að reikna með marktækum niðurstöðum af einhverskonar samanburði við nemendur úr lagadeildum annarra háskóla. Sérfræðinganevndin leggur ekki sjálfstætt mat á gæði námskeiðsins og prófanna en hvort tveggja hefur verið gagnrýnt af lagadeildum háskólanna utan Háskóla Íslands, enda bera kennarar lagadeildar HÍ megin ábyrgð bæði á uppbyggingu og kennsluefni námskeiðsins sem og prófum. Ekki hefur verið leitað samráðs við lagadeild Háskólans á Akureyri um náms- og prófsefni eða tilhögun námskeiða og prófa þrátt fyrir ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 1095/2005 sem byggir á Lögum um lögmenn nr. 77/1998.

Forsvarsmaður lagadeildar Háskólans á Akureyri hefur óskað eftir því við formann stjórnar Lögmannafélags Íslands að hann boði deildarformenn lagadeilda til fundar til að ræða um tilhögun undirbúningsnámskeiðs til prófs sem veitir réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Til að fá fram upplýsingar á breiðari grunni um það hvernig nám við lagadeild HA býr nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu hefur forsvarsmaður deildarinnar tekið að sér að gera framhaldsathugun á afstöðu núverandi og fyrrverandi nemenda deildarinnar til námsins og hvernig námið hafi nýst þeim í starfi. Hann vann slíka rannsókn haustið 2009 og benti hún til þess að námið nýttist nemendum til fjölbreyttra lögfræðistarfa að námi loknu.

Virðingarfyllst,

Sigurður Kristinsson
forseti hug- og félagsvísindasviðs

Ágúst Þór Arnason
formaður lagadeildar